

Reglur um kynningar og fræðslu vegna lyfja á Landspítala

Kynningar og fræðslufundir um lyf innan Landspítala geta haft áhrif á starfsemi og rekstur spítalans og því er nauðsynlegt að reglur gildi um slík samskipti. Kynningar sem tengjast starfsemi spítalans geta einnig farið fram utan hans og utan vinnutíma starfsmanna.

Eftirfarandi eru reglur Landspítala um lyfjakynningar.

- Heimilt er að kynna ný lyf og nýjar ábendingar lyfja sem eru markaðssett og á lyfjalista Landspítala og skv. nánari ákvæðum í reglugerð nr. 790/2021 um lyfjaauglýsingar og ákvæði XIII. kafla lyfjalaga nr. 100/2020.
- Óheimilt er að kynna lyf á meðan útboðsferli stendur.
- Fulltrúar markaðsleyfishafa sem vilja halda fræðslufund og/eða lyfjakynningu á spítalanum skulu gæta þess að það sé gert af fagfólki sem hefur til þess næga reynslu og þekkingu, sem og að öll samskipti séu í samræmi við reglur EFPIA og Frumtaka um samskipti við heilbrigðisstarfsmenn og heilbrigðisstofnanir.
- Beiðnum um fræðslufund og/eða lyfjakynningar fyrir starfsfólk spítalans skal með hæfilegum fyrirvara beint til stjórnanda viðkomandi starfsmanna.
- Óheimilt er að kynna lyf fyrir einstökum starfsmönnum og miðast fræðsla vegna lyfja við ákveðna faghópa og dagskrá fræðslu skal ákveðin í samráði við stjórnanda.
- Í beiðnum um fræðslufund og/eða lyfjakynningar fyrir starfsfólk skal koma fram um hvaða lyf á að fjalla, dagskrá og tímasetning.
- Í fundarboði til starfsmanna Landspítala skal þess getið að fundurinn sé í samræmi við reglur þessar og samning Læknafélags Íslands og Frumtaka um samskipti við heilbrigðisstarfsmenn og heilbrigðisstofnanir.
- Boð um rafræna fræðslufundi og/eða lyfjakynningar á vinnutíma skulu send með sama hætti og boð um aðra fundi.
- Fræðslan skal vera hlutlæg, nákvæm og í samræmi við almennt siðferði.
- Ef risna er veitt skal hún vera hófleg og í samræmi við 14. gr. reglugerðar nr. 790/2021 og reglum EFPIA og Frumtaka um samskipti við heilbrigðisstarfsmenn og heilbrigðisstofnanir
- Þess skal gætt að fræðsla og/eða kynningar á lyfjum fari ekki fram í rými sem er ætlað sjúklingum. Markaðsefni og munir merktir lyfjum eða lyfjafyrirtækjum skulu ekki vera í rými sem sjúklingum er ætlað.
- Óheimilt er að nota lyfjasýnishorn til meðhöndlunar sjúklinga.
- Sérstakir fræðslufundir og kynningar á lyfjum fyrir nema, sérnámsgrunnskæna eða sérnámslækna eru óheimilar.

Um fræðslu vegna lyfja utan Landspítala og stuðning til starfsmanna til að sækja ráðstefnur og fundi

- Boð um stuðning til starfsmanna til að sækja ráðstefnur skal senda stjórnanda viðkomandi starfsmanns skriflega. Stjórnandi metur hvort ráðstefnan muni gagnast starfsmanninum í starfi. Sama gildir um rafrænar ráðstefnur. Einungis er heimilt að samþykkja stuðning til að sækja ráðstefnur sem haldnar eru af viðurkenndum fagfélögum.
- Hóflægir styrkir frá lyfjafyrirtækjum til kostunar á ráðstefnum, utanlandsferðum o.fl. eru heimilar að fengnu samþykki framkvæmdastjóra viðkomandi sviðs.

- Starfsmanni er óheimilt að skuldbinda spítalann á nokkurn hátt í tengslum við kynningar eða boð á ráðstefnur.

Til viðbótar við reglur þessar er einnig vísað til samnings Læknafélags Íslands, Frumtaka, Félaga atvinnurekenda og Samtaka verslunar og þjónustu um samskipti lækna og fyrirtækja sem framleiða og flytja inn lyf. Samningurinn byggir á List of Guiding Principles Promoting Good Governance in the Pharmaceutical Sector (<https://frumtok.is/sidareglur/>).

Reglurnar voru samþykktar á fundi Lyfjanefndar Landspítala 15.12.2021 og skulu endurskoðaðar innan fimm ára.

Ábyrgðarmaður skjals: Ólafur Baldursson, framkvæmdastjóri lækninga.